

**495. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,  
Tálknafirði, þriðjudaginn 16. febrúar 2016  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Indriði Indriðason (II) formaður, Kristinn Hilmar Marinósson aðalmaður, Eva Dögg Jóhannesdóttir aðalmaður, Jón Örn Pálsson aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður og Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari.

**Fundargerð ritaði:** Indriði Indriðason, Sveitastjóri

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar, engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir afbrigði við dagskrá að við bætist nýr liður Fundargerð Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar frá 15 febrúar. og verður sá liður númer fjögur.

**Dagskrá:**

**1. 1602032 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfjarða frá 15. janúar.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**2. 1602039 - 381. fundur stjórnar Hafnarsambands Íslands**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**3. 1602036 - 99. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**4. 1602003F - Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 15**

Tekin er til afgreiðslu fundargerð Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar frá 15 febrúar. Fundargerðin er í fjórum liðum og eru tveir liðir teknir til afgreiðslu það er :

Endurbæstur á viðbyggingu

Deiliskipulag Bæjarvík

að öðru leiti er fundargerðin staðfest.

Samþykkt samhljóða.

**4.1. 1512027 - Endurbætur á viðbyggingu**

Erindi frá Marinó Bjarnasyni, Eysteineyri. Í erindinu er sótt um byggingarleyfi fyrir lagfæringum á viðbyggingu við gamla bæinn á Eysteineyri, lagfæringin felst í að steypa grunn undir viðbygginguna. Erindinu fylgir teikning unnin af meter teiknistofu dags. 30.11.2015.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið og felur byggingarfulltrúa útgáfu byggingarleyfis

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar.

Samþykkt samhljóða

#### **4.2. 1602019 - Krafa um úrbætur vegna votlendis á leigulóð við Strandgötu 4.**

Erindi frá Konráð Péturssyni vegna fasteignarinnar Borg að Strandgötu 4. Krafist er úrbóta vegna votlendis á fyrrgreindri leigulóð sem skv. bréfitara hefur nú þegar ollið skemmdum á fasteigninni.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd felur byggingarfulltrúa að skoða svæðið þegar aðstæður leyfa og kynna fyrir nefndinni við fyrsta tækifæri.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar.

#### **4.3. 1501058 - Deiliskipulag - Bæjarvík**

Tekið fyrir erindi Bæjarvíkur ehf, dagsett 4.febrúar 2016, deiliskipulagstillaga fyrir athafnasvæði seiðaeldis í landi Gileyrar og Eysteinsyrar Tálknafirði. Með gögnum fylgja uppdráttur og greinargerð dagsett 4. febrúar 2016.

Skipulagslýsingin var auglýst 9. febrúar 2015 og fyrir liggja umsagnir um skipulagslýsingu frá eftirfarandi aðilum:

- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, dagsett 4. mars 2015.
- Minjastofnun, dagsett 10. febrúar og 7. desember 2015.
- Veðurstofu Íslands, dagsett 14. október 2015.
- Umhverfisstofnun, dagsett 23. febrúar 2016
- Skipulagsstofnun, dagsett 20. febrúar 2015.
- Vegagerðin, dagsett 16. febrúar 2016.

Einnig liggur fyrir fornleifaskráning sem gerð var sumarið 2015 sem sýnir að engar fornleifar eru staðsettar innan skipulagssvæðisins.

Einnig liggur fyrir undanþága með bréfi frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu dagsett, 19. október 2015 þar sem heimiluð er undanþága frá ákvæði d-liðar 5.3.2.5. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og ákvæði 5.3.2.14. um fjarlægð frá sjó og vegi.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd beinir því til Bæjarvíkur ehf. að endurskoða aðkomu(tenging við þjóðveg) að stöðinni en samþykkir tillöguna að öðru leyti og felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar og auglýsa tillöguna skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd vill benda á að framkvæmdin fellur í C-flokk framkvæmda sbr. lög um umhverfismat framkvæmda. Samkvæmt liði 1.12 í fyrsta viðauka laganna þá fellur þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er minni en 200 tonn og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er minni en 20 tonn og fráveita er í ferskvatn í flokk C. Framkvæmdaraðili getur því tilkynnt málið annaðhvort samhliða afgreiðslu deiliskipulagsins, samhliða ósk um framkvæmdaleyfi eða óháð annarri málsmeðferð.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Byggingar-skipulags og umhverfisnefndar.  
Samþykkt samhliða.

**4.4. 1602040 - Auglýsingar utan þéttbýlis**

Lagt fram til kynningar eftirfylgni við áður sent erindi frá Umhverfisstofnun vegna auglýsingaskilta utan þéttbýlis.

**5. 1602028 - 61. Fjórðungsþing Vestfirðinga, þann 4. maí 2016.**

Sveitarstjóra falið að útbúa kjörbréf.  
Samþykkt samhljóða.

**6. 1602027 - Byggðasamlag um málefni fatlaðra. Skýrsla frá R3 ráðgjöf, Rekstur og mögulegar umbótaáðgerðir.**

Sveitarstjórn Tálknafjarðar óskar eftir skýringum á þeim kostnaðarauka sem orðið hefur á rekstri BsVest á tímabilinu 2012 til 2015.  
Samþykkt samhljóða.

**7. 1502044 - Dunhagi - félagsheimili**

Fært í trúnaðarmálabók.

**8. 1602025 - Reikningur vegna orkunotkunar.**

Fært í trúnaðarmálabók.

**9. 1601002 - Fyrirspurn vegna 57. gr laga nr. 90/1991**

Fært í trúnaðarmálabók.

**10. 1602026 - Lán til fasteingafélagsins 101 Tálknafjörður ehf.**

Sveitarstjórn samþykkir að lána kr 15 mkr til Fasteingafélagsins 101 Tálknafjörður ehf. Lánið ber sömu vexti og eru á skammtímalánum. Láninu er ætlað að brúa fjármögnun á íbúðabyggingum þar til lokið hefur verið við langtímafjármögnun.  
Samþykkt samhljóða.

**11. 1602041 - Tilnefning fulltrúa í verkefnanefnd Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum.**

Sveitarstjórn tilnefnir Indriða Indriðason, aðalmaður og Jón Örn Pálsson til vara.  
Samþykkt samhljóða.

**12. 1602024 - Fundarboð á Héraðsþing HHF**

Sveitarstjóri mun mæta á aðalfund HHF.  
Samþykkt samhljóða.

**13. 1601062 - Greiðsla launaleiðréttinga vegna kjarasamninga árið 2015**

Sveitarstjóra falið að svara erindinu.  
Samþykkt samhljóða.

**14. 1602034 - Þjónustusamningur vegna færslu bókhalds og gerð reikninga fyrir Tálknafjarðarhrepp.**

Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar.  
Samþykkt samhljóða.

**15. 1510004 - Umsókn um leyfi til hundahalds í Tálknafirði**

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um hundahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt.  
Samþykkt samhljóða .

**16. 1602037 - Beiðni um styrk vegna þátttöku á Samfés.**

Sveitarstjóra falið að svara erindinu.  
Samþykkt samhljóða.

**17. 1602033 - Brýnar úrbætur á áfangastöðum ferðamanna**

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps gerir ekki athugasemdir við umræddan lista.  
Samþykkt samhljóða.

**18. 1602038 - Meistaraverkefni Pollurinn**

Jón Örn Pálsson vísar af fundi.  
Bréfitara þakkaður sá áhugi sem hún sýnir.  
Sveitarstjóra falið að ræða við hagsmunaaðila, svo sem landeigendur áður en hægt er að svara erindinu.  
Samþykkt með 4 atkvæðum.

**19. 1309110 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.**

Jón Örn Pálsson kemur aftur til fundar.  
Sveitarstjóri lagði fram lista yfir viðhaldsverkefni sem þarf að vinna.  
Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að gera kostnaðarmat við viðhaldsverkefni og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar

**20. 1601028 - Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk í hjúkrunar- eða dvalarrýmum**

Til kynningar

**21. 1602031 - Umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um væntanlega reglugerð um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til málefna fatlaðs fólks á árinu 2016.**

Til kynningar.

**22. 1602030 - Yfirlit um greiðslu framlags vegna janúar 2016 og 2. hluti innheimts hlutdeildar sveitarfélaga í rekstrarhalla ársins 2015.**

Til kynningar.

**23. 1602029 - Ljósleiðaratenging Vestfjarða, seinni hluti.**

Til kynningar.

**24. 1602035 - Aftuköllun á leyfi til endurvigtunar**

Til kynningar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .**

|       |       |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |